

Alþingi  
Erindi nr. P/139/425  
komudagur 26.11.2010

LOGOS  
REYKJAVÍK LONDON COPENHAGEN

Efstaleiti 5  
IS 103 Reykjavík  
5 400 300  
5 400 301  
logos@logos.is  
www.logos.is

Efnahags- og skattanefnd  
Nefndasvið Alþingis  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2010.

**VARÐAR:** Umsögn um þingskjal 225 – 206. mál, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuidara.

Lögmenn LOGOS í Reykjavík og London, í samstarfi við alþjóðlegu lögmennsstofuna Bingham McCutchen (London) LLP, er hópi kröfuhafa sem eiga kröfur gagnvart sumum föllnu íslensku bönkunum („bankarnir“) til ráðgjafar. LOGOS fékk því til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingar á nefndum lögum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu („vaxtalög“) og lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, og vísað til dóma Hæstaréttar Íslands í málum sem tengjast gengistryggðum lánum. Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir um þann þátt frumvarpsins sem fjallar um breytingu á vaxtalögum:

1. Í fyrsta lagi hafa kröfuhafarnir áhuga á að vinna með íslenskum hagsmunaaðilum, íslenskum heimilum og skuldurum við að greiða úr óvissu um virði eignasafns nýju bankanna og mæla fyrir um einfaldari uppgjörsléiðir.
2. Hins vegar er frumvarpið ekki nægilega skýrt um lögmæti gengistryggðra lánessamninga lögaðila í kjölfar dóma Hæstaréttar, um hvort ákvæði 1. gr. frumvarpsins gildi afturvirkkt, um hvernig verði greint milli einstaklinga og lögaðila, og um hver séu mörk milli stöðu einstaklinga og lögaðila vegna sambærilegra lánessamninga, t.d. svokallaðra bílalána. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er það sett fram til að draga úr óvissu og þörf á miklum fjölda dómsmála. Verði frumvarpið að lögum er ólíklegt að það verði til þess að setja niður deilur. Nær öruggt megi telja að það muni leiða til fjölda dómsmála milli fjármálastofnana og skuldara til að fá skorið úr óvissu, sem fyrirsjáanlegt er að muni taka langan tíma. Slík dómsmál verði kostnaðar- og orkufrek fyrir alla aðila svo og stofnanir samfélagsins sem þurfi að skýra réttarástandið með fullnægjandi hætti. Þó réttur löggjafans sé fyrir hendi til að bregðast við réttaróvissu, auk þess að koma á og viðhalda efnahagslegum stöðugleika, verður það best gert með víðtækari sátt allra aðila, þ.á m. þeirra sem eiga fjárhagslegra



hagsmuna að gæta í nýju bönkunum, og þá bæði með hagsmuni einstaklinga og lögaðila að leiðarljósi.

3. Ýmsir kunna að hafa þá skoðun að frumvarpið, í núverandi mynd, brjóti gegn stjórnarskrárvarinni eignarréttarvernd kröfuhafa.

Með hliðsjón af hagsmunum umbjóðenda sinna gerir LOGOS að svo stöddu ekki athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins. Eru lögmenn LOGOS reiðubúnir að koma fyrir Efnahags- og skattanefnd og lýsa frekar afstöðu sinni til tiltekinna ákvæða þess.

F.h. LOGOS lögmennspjónustu



Ólafur Arinbjörn Sigurðsson hdl.